



**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**

**Áhrif námsumhverfis á velgengni tvítýngdra
nemenda á Íslandi**

Helga Björg Jóhannsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Júní 2022

DEILD KENNSLU- OG MENNTUNARFRÆÐI

**Áhrif námsumhverfis á velgengni tvítyngdra
nemenda á Íslandi**

Helga Björg Jóhannsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í Grunnskólakennslu yngri barna
Leiðbeinandi: Susan Rafik Hama og Kristín Jónsdóttir

Deild kennslu- og menntunarfræði
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2022

Áhrif námsumhverfis á velgengni tvítyngdra nemenda á Íslandi

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í grunnskólakennslu á ynsta stigi við Deild kennslu- og
menntunarfræði
á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2022 Helga Björg Jóhannsdóttir
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Innflytjendum hefur fjölgað á Íslandi undanfarin ár og þar með hafa nemendahópar orðið fjölbreyttari (Hafdís Guðjónsdóttir og fl., 2016). Kennarar þurfa að nálgast kennslu með fjölbreyttum kennsluaðferðum til að komast til móts við nemendur af erlendum uppruna og tryggja jöfn tækifæri til náms og velgengni nemenda (Hafdís Guðjónsdóttir og fl., 2016).

Tilgangur þessa verkefnis er að kanna hvað hefur áhrif á velgengni tvítýngdra nemenda á yngsta stigi grunnskóla í námi. Rannsóknarspurningin er: *Hvaða áhrif hefur fjölmennningarlegt námsumhverfi á velgengni náms yngri tvítýngda nemenda í grunnskóla?* Til að svara þeirri spurningu var fræðilegum heimildum safnað og niðurstöður úr rannsóknum um fjölmennningarlega hópa skoðaðar.

Samkvæmt því efni sem safnað var er ljóst að tvítýngdir nemendur njóta sín betur ef þeir eru í námsumhverfi sem er fjölmennningarlegt og fá fjölbreytta og sveigjanlega kennslu.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Formáli	5
1 Inngangur.....	6
2 Velgengni og vellíðan	7
3 Tvítýngdir nemendur og fjölmennningarlegur nemendahópur.....	9
4 Móttökudeildir hér á landi.....	12
5 Fjölmennningarlegt námsumhverfi.....	15
6 Lög grunnskóla og Aðalnámskrá	17
7 Fjölmennningarleg kennsla.....	19
8 Kennsluaðferðin CLIM	22
8.1 Aðferðin.....	22
8.2 Hlutverk kennara	23
8.3 Hlutverk nemenda	24
9 Kennslustofan	26
10 Lokaorð	28
Heimildaskrá.....	30

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennslu á yngsta stigi við Deild kennslu- og menntunarfræði á Menntavísindasviði Háskóla Íslands vorið 2022. Áhugi minn á kennslu yngri barna kviknaði þegar ég starfaði í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu, en þar prófaði ég hin ýmsu störf í öllum deildum skólans og starfaði með nemendum frá yngsta stigi upp í elsta stig. Það sem stóð upp úr á meðan ég var við störf þar var hlutverk mitt sem stuðningsfulltrúi barns sem var af erlendum uppruna. Sú reynsla var kveikjan mín að viðfangsefni þessarar ritgerðar.

Ég vil þakka leiðbeinendum mínum Susan Rafik Hama og Kristínu Jónsdóttur fyrir góða leiðsögn og þær gagnlegu ábendingar sem þær veittu mér við ritgerðina. Einnig vil ég þakka Guðrúnu Jónu Sigurðardóttur fyrir þá aðstoð og stuðning sem hún veitti mér við uppsetningu og yfirlestur. Innilegar þakkir vil ég veita fjölskyldu minni fyrir ítrekaðan stuðning og hvatningu, ekki aðeins á meðan þessu verkefni stóð heldur alla mína háskólagöngu.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands* (sjá www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur, undir Sameiginlegar reglur). Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, sem og túlkun niðurstaðna. Notkun mín á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 7. maí 2022

Helga Björg Jónsdóttir

1 Inngangur

Seinustu áratugi hefur flutningur fólks milli landa aukist með miklum hraða. Árið 1996 voru aðeins 2% landsmanna af erlendum uppruna en árið 2021 voru 15,5% landsmanna af erlendum uppruna (Hagstofa Íslands). Samkvæmt þessari tölfræði hafa innflytjendur hér á landi aukist um 13,5% á 25 árum. Ástæður fyrir flutningi fólks eru margskonar, fólk er að elta atvinnutækifæri, sækja nám eða flýja land.

Skólasamfélagið á Íslandi á þessum tíma hefur tekið verulegum breytingum til að koma til móts við fjölbreytta og fjölmenningslega nemendahópa sem sækja nám hér á landi (Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Samkvæmt 3. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla eru öll börn á aldrinum 6-16 ára skyldug til að sækja nám í grunnskóla. Þeir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku kallast tvítyngdir nemendur, og á hugtakið ekki einungis við um börn sem eru nýflutt til landsins heldur einnig börn sem eru af fyrstu eða annarri kynslóð innflytjenda, börn sem eiga annað foreldri af erlendum uppruna og að lokum börn sem fæðast erlendis sem eiga foreldra sem eru báðir fæddir á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2021; Lesvefurinn, 2021).

Hinn aukna fjölmenning hér á landi hefur með sér í för nýjar áskoranir sem grunnskólakerfið hefur þurft að takast á við. Lög um grunnskólagöngu erlendra barna hafa verið sett til að tryggja að þau fái nám við sitt hæfi í námsumhverfi sem er hvetjandi og öruggt (Ingibjörn Kristín Ferdinandsdóttir, 2009).

Hér mun ég fjalla um áhrif fjölmenningslegs námsumhverfis á velgengni yngri tvítyngdra nemenda í grunnskóla.

2 Velgengi og vellíðan

Velgengi og vellíðan eru hugtök sem gjarnan er beitt í rannsóknum barna (Hanna Ragnarsdóttir, 2004; Aase Vivaas, 2015; Daníel Steingrímsson, 2019; Pollard og Lee, 2002; Ross og fl., 2020). Rannsakendur beita oft báðum hugtökunum í nálgun sinni eða eingöngu öðru þeirra. Hér mun ég fjalla um skilgreiningar hugtakanna með það markmið að öðlast dýpri skilning á merkingu þeirra. Einnig mun ég varpa ljósi á tengsl hugtakanna og taka til greiningar hvort velgengi getur verið til staðar hjá börnum án vellíðaninnar, og öfugt.

Velgengi (e. success) er hugtak sem notað er til að lýsa því að ná settum markmiðum, hvort sem þau eru persónuleg, pólitísk eða félagsleg markmið sem geta bæði verið hlutlæg eða huglæg. Huglægur árangur er þegar markmiðum sem sett voru um vellíðan og fjölskyldu o.s.frv. hafa verið náð. Hlutlægur árangur er þegar árangri er náð í t.d. námi eða atvinnu, þetta er árangur sem er mælanlegur (Hanna Ragnarsdóttir og Kulbrandstad, 2018). Einstaklingur sem á velgengi að fagna á ákveðnu sviði er talinn farsæll og nýtur góðs af. Hugtakið er oft beitt í rannsóknum til að mæla árangur barna og ungmenna, hvort sem það er í sálrænu, andlegu, félagslegu eða líkamlegu samhengi.

Velgengi getur verið margþætt og það sem hver og einn skilgreinir sem velgengi er oft misjafnt. Velgengi einstaklings á einu sviði þarf ekki endilega að endurspeglast á öðrum sviðum. Sem dæmi má nefna nemenda sem stendur sig vel í námi og vel liðinn af kennurum og foreldrum en er með lélega félagsstöðu meðal jafnaldra og stendur sig illa í fótbolta.

Hugtakið vellíðan hefur ekki alltaf verið skilgreint á einn máta. Samkvæmt hugmyndafræði Columbo (1986) er vellíðan fjölvídd og felur í sér andlega og sálfræðilega, líkamlega og félagslega þætti. Hugmyndafræði þessi er grunnurinn að þeirri skilgreiningu á vellíðan sem ég mun notast við hér.

Hugtakið vellíðan (e. well-being) er skilgreint sem álit einstaklings á lífsgæðum sínum út frá eigin hugmyndum (Védís Sigurjónsdóttir, 2019). Hugtakið vísar til ánægju eða þæginda einstaklings hvort sem það er félagsleg, sálræn, vitsmunaleg eða líkamleg ánægja. Vellíðan er skilgreind af einstaklingnum sjálfum og er persónubundin (Pollard og Lee, 2002). Vellíðan er með öðrum orðum huglægt mat þar sem engir tveir einstaklingar eru eins, það sem einn einstaklingur gæti metið sem vellíðan eða vellínunarstöðu er það ef til vill ekki í huga annars. Einstaklingurinn metur lífsgæði út frá eigin viðmiðum og notar auðlindir sínar til að takast á

við þær aðstæður og áskoranir sem hann mætir, hvort sem það eru félagslegar, líkamlegar, vitsmunalegar eða sálrænar (Védís Sigurjónsdóttir, 2019).

Rannsókn sem gerð var af Ross og fl. (2020) fjallar um vellíðan ungmenna. Skilgreining þeirra á vellíðan ungmenna hljómar svo: „Ungmennni hafa stuðning, sjálfstraust og úrræði til að dafna í samhengi örugggra og heilbrigðra samskipta, þar sem þau átta sig á möguleikum sínum og réttindum“ (Ross og fl., 2020). Þessi skilgreining á vel við þær aðstæður sem þurfa að vera til staðar til að börn nái árangri bæði í skóla og utan veggja skólans. Ef börn fá stuðning og hvatningu við nám sitt og búa við góð samskipti og aðstæður til að rækta hæfileika sína eru þau líklegri til að vera öruggari með sjálf sig og líða þar af leiðandi vel (Ross og fl., 2020).

Samantekt

Hugtökin velgengni og vellíðan eiga það sameiginlegt að lýsa jákvæðum afrekum eða tilfinningum einstaklinga. Þó þau séu oft látin standa saman og eru gjarnan notuð í rannsóknum á börnum, þá eru þau ólík að upplagi og hafa ekki sömu merkinguna. Vellíðan lýsir tilfinningalegri stöðu einstaklings hvort sem það er andleg, sálræn, félagsleg eða líkamleg. En velgengni lýsir árangri og stöðu einstaklings á hinum ýmsu sviðum sem hann tilheyrir, hvort sem það er í tómsundum eða í námi. Ekki er hægt að mæla vellíðan einstaklings með beinum hætti en hins vegar er mögulegt að mæla velgengni einstaklings út frá þáttum eins og verðlaunum, einkunnum eða félagslegri stöðu.

3 Tvítýngdir nemendur og fjölmennningarlegur nemendahópur

Börn af erlendum uppruna hér á landi sem eru með íslensku sem annað tungumál eru svokallaðir tvítýngdir nemendur (e. bilingual children) samkvæmt Hörpu Sif Þorsteinsdóttur og Rannveigu Oddsdóttur (2021). Tvítýngdum nemendum hefur fjölgað talsvert í skólakerfinu undanfarin ár á Íslandi, en árið 2012 voru aðeins 8,0% af landsmönnum af erlendum uppruna en þeim hafði fjölgað í 15,5% landsmanna árið 2021 samkvæmt Hagstofu Íslands (2021). Fleiri einstaklingar hafa flutt búferlum milli landa seinustu áratugi en tíðkaðist áður. Ástæður flutninganna eru margar, eins og að sækja nám, til að flýja land eða ósk um atvinnutækifæri, svo dæmi séu tekin. Fjölgun tvítýngdra nemenda hefur í för með sér breytingar og áskoranir sem íslenska grunnskólakerfið hefur þurft að takast á við til að koma til móts við ólíkan bakgrunn þeirra nemenda sem sækja nám hér á landi.

Nýtt hugtak hefur verið notað á liðnum árum til að lýsa þeim breytingum sem hafa átt sér stað í íslenska grunnskólakerfinu; fjölmennningarlegir nemendahópar. Samkvæmt Hafdís Guðjónsdóttur og fl. (2016) á hugtakið við um hóp nemenda sem er samsettur úr fjölbreyttum einstaklingum sem koma frá ólíkum menningarheimum og hafa ólíkan bakgrunn og hafa þar af leiðandi mismunandi þarfir og getu sem þarf að koma til móts við. Tvítýngdir nemendur eru meðal þeirra sem falla undir skilgreiningu á fjölmennningarlegum nemendahóp (Hafdís Guðjónsdóttir og fl., 2016). Tvítýngdir nemendur eru ekki einungis börn af erlendum uppruna sem fluttu til landsins heldur nær hugtakið einnig yfir börn af erlendum uppruna sem fæddust á Íslandi, ásamt börnum sem eiga foreldra af erlendum uppruna samkvæmt Hagstofu Íslands (2021). Samkvæmt Hörpu Sif Þorsteinsdóttur og Rannveigu Oddsdóttur (2021) hafa rannsóknir sýnt fram á að staða erlenda barna í íslensku er slök og þau þarfnist meiri þekkingar og úrræða til að styðja við máltöku íslenskunnar.

Einstaklingar sem tilheyra fjölmennningarlegum nemendahóp búa yfir fjölbreytilegum auðlindum og hafa mismunandi þarfir, getu og hæfni. Kennarar og starfsfólk skóla þurfa að kynnast þeim auðlindum og sjá til þess að hægt sé að búa til umhverfi þar sem hver og einn nemandi getur notið sín og búið við jafnrétti og jöfn tækifæri (Yilmaz, F., 2016). Samkvæmt Yilmaz (2016) þjóða ólík viðhorf, reynsla og þjóðerni einstaklinga upp á mörg tækifæri innan veggja kennslustofunnar til að fræðast um menningu, trúarhefðir, hefðir eða lífsgæði sem ríkja í öðrum þjóðum. Það er á ábyrgð kennara að hvetja nemendur sína til að deila reynslu sinni og bakgrunni og nýta þær upplýsingar í kennslustundum (Yilmaz, F., 2016). Samkvæmt

Hafdísi Guðjónsdóttur og fl. (2016) eiga kennarar að leggja sig fram til að finna auðlindir nemenda og virka þær með því að hvetja nemendur til að nýta þær sér til aðstoðar í námi. Kennarar sem hvetja nemendur til að nota auðlindir sínar og virkir þær getur þar með styrkt sjálfsmynd þeirra og hjálpað þeim félagslega (Hafdís Guðjónsdóttir og fl., 2016). Auðlindir tvítyngdra nemenda felst í móðurmáli þeirra en gjarnan einnig í menningararfi, hefðum og öðrum þáttum sem listaðir voru hér fyrir ofan.

Skýr og jákvæð menningarleg sjálfsmynd er mikilvæg fyrir nemendur á fyrstu æviárum þeirra (Banks, 2015). Samkvæmt Banks (2015) axlar skólinn og starfsmenn hans þá ábyrgð að aðstoða nemendur sína við að þróa jákvæða og meðvitaða þjóðernis- og menningarlega sjálfsmynd. Í gegnum tíðina hafa erlendir nemendur oft upplifað að þeir eigi að skammast sín fyrir þjóðerni sitt og þann menningarheim sem þeir tilheyra (Banks, 2015). Vegna þess hafa margir einstaklingar sem tilheyra öðrum þjóðernishópum afneitað mikilvægum þáttum úr menningu þjóðernis síns til að passa betur inn í samfélagið sem þeir tilheyra (Banks, 2015).

Í fjölmennningarlegu samfélagi eiga einstaklingar ekki að þurfa að hafna eða afneita mikilvægum þáttum úr eigin menningu til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu (Banks, 2015). Einstaklingar í fjölmennningarlegu og fjölbreyttu samfélagi eiga þann rétt að njóta sín í því samfélagi sem þeir tilheyra óháð þjóðerni, trú, kyni, kynhneigð og heilsufars (Banks, 2015).

Grunnskólar landsins hafa þurft að laga sig að þeim samfélagsbreytingum sem hafa átt sér stað hér á landi seinustu áratugi, til að koma til móts við nemendur og foreldra eða forráðamenn af erlendum uppruna. Samkvæmt 16. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2009 er tekið fram að móttökuáætlanir eiga að vera til staðar í öllum skólum eða sveitarfélögum fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Slíkar áætlanir eru gerðar til að auðvelda nýjum nemendum og foreldrum þeirra eða forráðamönnum upphaf skólagöngunnar og gefur þeim upplýsingar um bæði skólann og samfélagið sjálft og þá þjónustu sem það hefur upp á að bjóða (Reykjavíkurborg, 2018). Móttökuáætlanir eru einnig notaðar til að nálgast mikilvægar upplýsingar um nýja nemendur skólans. Ferlið tekur nokkra daga og er markmiðið að í lok þess finnist nemandanum og foreldrum hans þau vera velkomin og vera vel upplýst um skólastarfið og samfélagið (Reykjavíkurborg, 2018).

Samantekt

Íslenska þjóðin í dag er fjölmennningarlegt samfélag, þar sem hún samanstendur af einstaklingum frá ólíkum þjóðum, menningar- og trúarheimum þar sem allir hafa mismunandi

bakgrunn, reynslu og sjónarhorn. Samhliða aukinni fjölbreytni samfélagsins hefur verið nauðsynlegt að laga okkur að þeim einstaklingum sem fluttust til Íslands svo að allir sem búa hér á landi upplifi vellíðan og jafnrétti.

Þessi samfélagsbreyting hefur með sér í för fjölda möguleika til fjölbreytileika. Fjölbreytileiki er nauðsynlegur til að bæta og breyta til hins betra. Grunnskólakerfið er gott dæmi um það, en vegna fjölmennningarlegra nemendahópa hefur skólastarfið aðlagð sig að þeirri þróun. Lög um grunnskóla hafa verið sett til að allir nemendur, ekki aðeins nemendur sem eru af erlendu bergi brotnir, heldur einnig nemendur með sérþarfir, fatlanir og námserfiðleika fái sömu tækifæri og aðrir nemendur (Menntamálastofnun 2008). Allir grunnskólar landsins eða sveitarfélög eru skyldugir til að hafa móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur og foreldra þeirra til að auðvelda þeim nýtt upphaf skóla sem og bæjarfélaginu. Fjölgun erlenda nemenda hér á landi kallaði á breytingu innan íslenska skólakerfisins og þeim var svarað. Þegar Aðalnámskrá grunnskóla og þau lög sem samin hafa verið um grunnskóla eru tekin til greiningar, er ljóst að skólastarfið hér á landi hefur aðlagð sig að fjölmennningarlegum nemendahópum og þeirra þörfum (Aðalnámskrá, 2013; Menntamálastofnun 2008).

4 Móttökudeildir hér á landi

Árið 1994 stofnuðu nokkrir grunnskólar hér á landi móttökudeildir í kjölfar skyndilegrar fjölgunar nemenda af erlendum uppruna í skólakerfinu (Guðlaug Ólafsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Börkur Hansen, 2012). Móttökudeildir eru ætlaðar nemendum af erlendum uppruna á aldrinum níu til fimmtán ára sem eru að hefja skólagöngu sína hér á Íslandi. Um er að ræða nemendur sem hafa ekki nógu góða kunnáttu í íslensku og geta því ekki einungis verið í almennum bekk. Nemendur í móttökudeildum taka í flestum tilfellum þátt í sérgreinum með sínum umsjónarbekk en öll almenn kennsla fer fram innan móttökudeildar. Samkvæmt Hönnu Ragnarsdóttur (2004) er markmið móttökudeilda að undirbúa nemendur undir grunnskólagöngu hér á landi og er mikil áhersla lögð á íslenskukennslu. Að undirbúa nemendur undir grunnskólagöngu sína og íslenskukennsla eru helstu áhersluatriðin þar sem markmiðið er að koma nemendum sem fyrst inn í sinn umsjónarbekk. Gert er ráð fyrir að nemendur séu ekki lengur en eitt ár í móttökudeildum, en stundum koma þó upp tilfelli þar sem það er barninu í hag að vera lengur á móttökudeild til að tryggja góðan námsárangur í framhaldinu (Hanna Ragnarsdóttir, 2004). Móttökudeildir eiga jafnframt að auðvelda nemendur aðlögunina að íslensku samfélagi, en allir þessir þættir virkja nemendur til að taka þátt í skólasterfinu og gerir þeim kleift að verða virkir þátttakendur í samfélaginu (Hanna Ragnarsdóttir, 2004).

Samkvæmt Aðalnámskrá sem kom út árið 2006 eiga allir nemendur rétt á námi við sitt hæfi í grunnskólum og því er sveitarfélögum hér á landi skylt að tryggja að allir nemendur njóti viðeigandi tækifæri til náms (Aðalnámskrá, 2006). Nýja Aðalnámskráin sem gefin var út árið 2013 kveður á um að allir nemendur eigi rétt á að stunda nám í sínum heimaskóla án aðgreiningar (Aðalnámskrá 2013). Samkvæmt þessum ritum eiga allir nemendur rétt á að stunda nám við sinn heimaskóla og fá kennslu við sitt hæfi. Skólar geta því ekki vísað nemendum með sérþarfir frá, en hins vegar mega foreldrar og forráðamenn meta hvort heimaskólinn er sá sem henti þeirra barni best (Aðalnámskrá, 2013). Við þessa nýju stefnu voru allir grunnskólar með fjölbreyttan nemendahóp skyldugir að bjóða upp á sérkennslu fyrir nemendur sem vantar auka stuðning í námi samkvæmt 40. gr. laga um grunnskóla nr. 76/2016.

Samkvæmt grein eftir Hönnu Ragnarsdóttur (2004) um börn af erlendum uppruna í íslensku skólakerfum, er hægt að finna bæði kosti og galla við móttökudeildir eins og allt annað, þar sem sum börn virðast njóta sín í slíku námsumhverfi en önnur ekki. Kostir við starf móttökudeildar er að þar starfa kennarar sem eru reynsluríkari og færari en

aðrir kennarar til að kenna barni nýtt tungumál og aðlaga þau að nýju námsumhverfi (Hanna Ragnarsdóttir, 2004). Nemendur fá því þar fagkennslu í íslensku í öruggu námsumhverfi. Hópar nemenda samanstanda einnig af færri einstaklingum en yfirleitt tíðkast í hefðbundum bekk í grunnskóla og fá því nemendur yfirleitt mikla aðstoð og utanumhald í móttökudeildum (Hanna Ragnarsdóttir, 2004). Þó að góður stuðningur og fagkennsla sé til staðar er hægt að velta fyrir sér hvort æskilegt sé að skipta nemendum upp á slíkan máta. Samkvæmt Hönnu Ragnarsdóttur (2004), er hætta á að þá skapist tveir hópar frá upphafi skólagöngu nemenda sem gæti unnið gegn erlendum nemendum.

Móttökudeildum hefur fækkað hér á landi undanfarin ár og grunnskólar um allt land bjóða upp á sérkennslu fyrir nemendur sem þurfa aukna aðstoð til að tryggja að allir nemendur fái nám við sitt hæfi. Þrátt fyrir sérkennslu og móttökuáætlanir sem allir grunnskólar og sveitarfélög Íslands eru skyldug að hafa samkvæmt gr. 16 laga um grunnskóla, hafa rannsóknir á Íslandi sýnt fram á slakari frammistöðu erlenda nemenda en annarra (PISA-rannsókn 2018). Samkvæmt niðurstöðum PISA-rannsóknar sem gerð var árið 2018 eru nemendur af erlendum uppruna hér á landi slakari en jafnaldrar sínir í öllum greinum.

Niðurstöður úr rannsóknum Hönnu Ragnarsdóttur (2004) leiddu í ljós að hægt væri að greina þá þætti sem einkenna gott skólustarf grunnskóla þar sem velgengni erlenda nemenda er greinileg. Skólarnir voru með markvissa stefna í málefnum barna af erlendum uppruna, traust og þekking ríkti meðal starfsfólks skólans um hin ýmsu mál fjölmenningarlegs samfélags og svo að lokum voru til staðar frumkvæði, sveiganleiki og viðsýni í starfi skólans. Þeir þættir sem einkum hindra velgengni erlenda nemenda í skólanum eru ónóg samstaða og samvinna kennara, léleg tengsl í nemendahópum, lítið traust milli skóla og heimilis ásamt veiku samspili milli skóla og heimila (Hanna Ragnarsdóttir, 2004).

Samantekt

Móttökudeildir komu til leiks í íslensku skólakerfi þegar erlendum nemendum fór að fjölga töluvert og nemendahópar urðu fjölmenningarlegir. Þær þjóna þeim tilgangi að taka á móti erlendum nemendum sem eru að hefja skólagöngu sína hér á landi sem hafa litla eða enga kunnáttu í tungumálinu. Erlendir nemendur á aldrinum níu til fimmtán ára stunda þar nám og lögð er áhersla á íslenskukennslu og undirbúning fyrir nám í heimaskóla þeirra.

Fagkennsla og gott utanumhald nemenda er til staðar á móttökudeildum en það getur verið ókostur að aðgreina erlenda nemendur á þennan máta frá bekkjarfélögunum og leitt til

Þess að þeir verði ekki hluti af heildinni. Þegar gefin var út ný aðalnámskrá árið 2006 kom þar fram að allir nemendur hafa rétt á að sækja skyldunám í sínum heimaskóla án aðgreiningar. Við þessa stefnu voru tvær móttökudeildir á höfuðborgarsvæðinu lagðar niður og í stað þeirra buðu skólar nemendum með sérþarfir upp á sérkennslu innan veggja síns heimaskóla. Kostir við sérkennslu í stað móttökudeildar er að nemandi fær aðstoð og stuðning við námefnið en fær að stunda sérgreinar og frímínútur með bekkjarfélögum sínum.

Samkvæmt rannsóknum Hönnu Ragnarsdóttur (2004) er hægt að greina hvað einkennir þá grunnskóla þar sem erlendir nemendur njóta sín og hvað einkennir þá skóla þar sem erlendir nemendur njóta sína ekki. Leggja þarf áherslu á þessi atriði til að tryggja velgengni erlenda nemenda í námi.

5 Fjölmennningarlegt námsumhverfi

Stephen May og Christine Sleet (2010) sögðu frá ungri stúlku í Noregi sem spurði „hvar er andlitslitaði liturinn?“ þar sem hún sat og litaði. Kennarinn greip tækifærið til að leiðrétta þá hugmynd að liturinn sem hún var að biðja um, ljós ferskjulitaður sem líkist húðlit hvítrar manneskju, væri andlitslitaður. Í stað þess að rétta henni litinn sem hún var að biðja um ákvað kennarinn að spyrja „hvaða andlitslit ertu að leitast eftir? Brúnum eða hvítum?“. Kennarinn notaði tækifærið til að dýpka skilning hjá þessu barni um kynþætti. Hann sagði barninu að allir hafa kynþátt ekki aðeins einstaklingar sem eru dökkir á hörund og eða frá Asíu. Þetta var mikilvæg fjölmennningarleg staðreynd og er upphafspunktur gagnrýnnar íhugunar fyrir barnið. Þessi frásögn er gott dæmi um tækifæri sem nemendur gefa kennurum sínum og það er ábyrgð kennarans að nýta sér þessi tækifæri þegar þau berast til að nemendur auki vitund og hvetur þau til gagnrýnnar hugsunar.

Námsumhverfi (e. learning environment) er hugtak sem notað er yfir námsmenningu sem ríkir í hverjum skóla fyrir sig, skólann sjálfan og umhverfið sem hann tilheyrir (Anna Kristín Sigurðardóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir, 2018). Allir grunnskólar hafa sína eigin námsmenningu sem ríkir innan veggja hans. Fjölmennningarlegt námsumhverfi hefur í raun sömu merkingu, en það er skapað af kennurum og fjölmennningarlegum nemendahópum sem gerir námsumhverfið fjölbreytt og án aðgreiningar (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Børkun Hansen, 2010).

Grunnskólar hafa allir stefnu að leiðarljósi sem þeir leggja áherslu á og vilja kenna nemendum sínum. Samkvæmt lögum um grunnskóla 30. gr. laga nr. 91/2008, eiga skólareglur að innihalda reglur um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Ásamt þessum reglum velja grunnskólar sér nokkur áhersluatriði sem þeir vilja kenna nemendum sínum. Virðing, ábyrgð, vinátta og jafnrétti eru dæmi um áhersluatriði sem verða oft fyrir vali þegar skólar velja hornsteina sína. Um eiginleika er að ræða sem nemendur læra og þróa með sér í gegnum skólagöngu sína og sem nauðsynlegt er að búa yfir ef taka á virkan þátt í samfélaginu.

Gott námsumhverfi er jákvætt, hvetjandi og örvandi fyrir nemendur. Aðalnámskrá (2013) segir að áhersla eigi að vera lögð á að meginhlutverk grunnskóla sé að stuðla að alhliða þroska nemenda sinna. Til að því markmiði sé náð þarf námið að vera við hæfi allra nemenda, þ.e. einstaklingsmiðað nám sem fer fram í hvetjandi og jákvæðu námsumhverfi þar sem nemendur

geta fundið til öryggis og fá tækifæri til að njóta hæfileika sinna. Koma þarf til móts við þarfir allra nemenda og taka mið af stöðu þeirra (Aðalnámskrá, 2013).

Hlutverk kennara er að skapa umræðuefni og viðhalda námsumhverfi þar sem nemendur njóta góðs af og hvetur þá til að læra á áhrifaríkan hátt (Atem Benediktsson og Hanna Rangnardóttir, 2019). Þegar námsumhverfi er fjölbreytt og fjölmenningarlegt læra nemendur að bera virðingu og skilning gagnvart einstaklingum sem eru ekki af sama þjóðerni og búa yfir öðrum hefðum og trú en þeir sem eru af íslensku bergi brotnir. Nemendur fá innsýn í aðra menningarheima og læra um hefðir og lífsgæði skólafélaga sinna sem eru frá öðrum þjóðum. En einnig fá nemendur að uppgötva hversu lík við öll erum, þó við höfum ólíkan bakgrunn (Cohen, 2015).

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 91/2009 fer öll kennsla í grunnskólum hér á landi fram á íslensku, en gerðar eru þó undanþágur ef þess þarf. Þó að kennsla fari fram á íslensku ætti kennari að hvetja erlenda nemendur til að tala á sínu móðurmáli, finna til stolts af sínu þjóðerni og fagna eigin menningu. Erlendir nemendur eiga að upplifa stolt af sínu þjóðerni og fagna eigin menningu. Til að virkja notkun þeirra er hægt að hvetja erlenda nemendur til að tala móðurmál sitt sér til aðstoðar í kennslustundum, ásamt því að kenna skólafélögum sínum orð úr sínu móðurmáli. Það er ábyrgð kennara að spyrja, skapa umræður og viðhalda jákvæðum og innihaldsríkum umræðum innan kennslustofunnar.

Samantekt

Jákvætt og hvetjandi námsumhverfi er undirstaða velgengni allra nemenda í grunnskóla. Námsumhverfi og skólamenning er ekki eins í öllu grunnskólum hér á landi en megináhersla þeirra allra er að stuðla að alhliða þroska nemenda sinna og móta þá að einstaklingum sem geta tekið virkan þátt í okkar samfélagi. Áhersla er lögð á umgengni, samskiptahæfileika, stundvísi, ástundun náms og heilsu.

Menningin, eða bragurinn, sem ríkir í kennslustofunni getur haft mikla þýðingu í námi og líðan nemenda. Ef áherslur eru jákvæðar og góð samskipti og traust er til staðar milli nemenda og kennara, þá er kennslustofan öruggt umhverfi fyrir nemendur. Í öruggu og hvetjandi umhverfi eru nemendur líklegri til að njóta sín og fá tækifæri til að þróa hæfileika sína. Nemendur í fjölmenningarlegarlegu námsumhverfi læra jafnframt að taka tillit til einstaklinga með fjölbreytta og ólíka bakgrunni.

6 Lög grunnskóla og Aðalnámskrá

Árið 1974 voru ný fræðslulög sett sem talin eru vera ein merkilegasta varðan í þróun skólastarfs á Íslandi. Löggin áttu að tryggja rétt allra barna til skólagöngu, óháð því hvar á landinu þau bjuggu og jafnan rétt þeirra til náms, óháð námsgetu. Þessi tími markar upphaf umræðunnar um rétt nemenda til náms óháð búsetu, kyns og stéttar hér á landi. Samkvæmt lögum um grunnskóla 1. gr. laga nr. 63/1974 voru ríki og sveitarfélög skyldug til að halda skóla fyrir börn og unglinga á aldursbilinu 6 til 16 ára. Öll börn og unglingar á þessum aldri voru skyldug til að sækja skóla.

Síðan fræðslulögin tóku gildi hafa verið samin ýmis lög um skólagöngu nemenda hér á landi. Mörg þeirra hafa verið samin síðustu ár með jafnrétti nemenda í huga. Í 13. gr. laga nr. 35/2009 segir að allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Nemendur eiga að finna fyrir öryggi og njóta hæfileika sinna.

Síðustu áratugi hafa flutningar fólks milli landa aukist, hvort sem það er til að sækja nám eða starf, að flýja heimaland og svo mætti telja þar af leiðandi hefur tvítyngdum nemendum fjölgað verulega í íslenskum grunnskólum. Lög voru sett til að koma til móts við tvítyngd börn í grunnskólum hér á landi og til að tryggja að grunnskólaganga þeirra reynist þeim vel. Í gr. 16. laga nr. 91/2009 segir að nemendur með annað móðurmál en íslensku eigi rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virkja tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Einnig er nefnt að tryggja þurfi að tvítyngdir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Oft á tímum getur það reynst erfitt vegna samskiptaörðuleika en í slíkum aðstæðum eiga erlendir foreldrar og forráðamenn rétt á að þeim sé boðin túlkun, eins og skýrt er tekið fram í 18. gr. laga grunnskóla. Með túlkun í samskiptum foreldra við skóla er tryggt að mikilvægar og nauðsynlegar upplýsingar komist rétt til skila. Samkvæmt gr. 28. í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er réttur barna til menntunar á öllum stigum viðurkenndur og í gr. 29. er ritað að menntun barna skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu barna og undirbúa þau til að lifa í ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi í anda skilnings, friðar og umburðarlyndis, jafnrétti kynjanna og vináttu milli allra óháð þjóðernis, þjóðháttanna og trú.

Aðalnámskrá grunnskóla (2011) fjallar um að jafnréttismenntun ríki í námsaðferðum og námsumhverfi. Það sem er átt við með því er að á öllum skólastigum fer fram menntun til jafnréttis óháð aldri, búsetu, fötlun, kyni, kynhneigð, litarhætti, lífsskoðunum, menningu, stétt, trú, tungumáli, ætterni og þjóðerni. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 22) er einnig lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð, lífsskoðanir og fötlun, til að gera nemendur meðvitaða um mismunandi félagsstöður fólks sem búa í sama samfélagi.

Samantekt

Tvítýngdir nemendur eiga þann rétt að fá sömu tækifæri til náms óháð stöðu þeirra og foreldrar þeirra eða forráðamenn eiga þann rétt til að sækja upplýsingar eða ráðgjöf um nám barna sinna. Það þarf að koma í veg fyrir að tvítýngdir nemendur upplifi mismunun vegna uppruna, trúarbragða eða annarrar stöðu.

Við lestur laga um grunnskóla var ljóst að þau voru samin með vellíðan tvítýngdra nemenda í fyrirrúmi. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (1992), Aðalnámskrá grunnskóla (2013) og 13. gr. laga nr. 35/2009 er réttur barna til menntunar viðurkenndur. Tekið er fram að öll börn eigi rétt á kennslu við sitt hæfi og að námsumhverfið þeirra sé hvetjandi óháð þáttum eins og kyni, búsetu, trúarbragða, uppruna, aldri, fötlun, litháttar, og kynhneigðar.

7 Fjölmennningarleg kennsla

Markmið fjölmennningarlegrar kennslu er að móta tillitssama, sjálfstæða einstaklinga sem taka virkan þátt í samfélaginu sem þeir tilheyra (Kristín Aðalsteinsdóttir og fl., 2007). Til að því markmiði sé náð þarf umhverfið að endurspeglar þá eiginleika sem verið er að rækta. Skólinn, kennarar og starfsmenn hans eiga að aðstoða nemendur til að öðlast þá eiginleika sem einstaklingar þurfa að búa yfir svo hægt sé að taka virkan þátt í samfélaginu. Færni í félagslegum samskiptum er einn af þeim eiginleikum og er mikilvægur þáttur í námskrá nemenda (Banks, 2015). Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) eru taldir upp áhersluþættir sem stuðla að vellíðan nemenda og er einn þeirra þátta félagsleg færni nemenda. Samkvæmt Aðalnámskrá (2013) er sjálfsmynd nemenda undirstaðan að góðri félagsfærni og börn sem eru fær í henni eru mun líklegri til að taka fyrsta skrefið í samskiptum við aðra og viðhalda þeim.

Kennsla í fjölmennningarlegum nemendahópi þarf að vera fjölbreytt og sveigjanleg. Brýnt er að kennarar kynni sér þjóðerni og menningu nemenda sem eru af erlendu bergi brotnir svo þeir geti skipulagt kennslu með getu nemenda sinna í huga og undirbúið verkefni sem hentar þeim (Rósa Guðbjartsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Samkvæmt Sólveigu Karvelsdóttur og Hafdís Guðjónsdóttur (2010) byggir kennsla fjölmennningarlegra nemendahópa á fjölbreytileika, mannréttindum og virðingu. Jöfn tækifæri og sanngirni gagnvart nemendum er áhersluatriði ásamt því að fjölbreytni nemenda er litin samlyndum og fordómalausum augum (Sólveig Karvelsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2010).

Þegar námsefni er valið og kennslan skipulögð þarf kennari að hafa nemendahóp sinn í huga og taka þannig mið af þroska, hæfileikum, getu, áhuga og persónugerð nemenda (Aðalnámskrá, 2013). Til að ná fram því markmiði er nauðsynlegt fyrir kennarann að þekkja styrk- og veikleika nemenda sinna. Það er fagleg ábyrgð kennara að velja kennsluaðferðir og vinnubrögð sem eru árangursríkar í kennslu og höfða til allra svo að markmiðum aðalnámskrárinnar sé náð (Rósa Guðbjartsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010).

Fjölmennningarlega nemendahópa má finna í öllum grunnskólum landsins og er orðið sífellt sjaldgæfara að tilteknir hópar nemenda í bekk eða árgangi séu ekki fjölbreyttir eða fjölmennningarlegir. Þó að kennarar í nútíma fjölmennningarlegu samfélagi séu oft að glíma við aðrar áskoranir en kennarar áður fyrr, þá hefur markmið flestra kennara haldist óbreytt; það er að mæta mismunandi þörfum nemenda sinna, óháð þjóðerni þeirra, uppruna, kyni, námsgetu og stétt (Rósa Guðbjartsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Mikilvægt er að koma

til móts við alla nemendur og taka þeim með opnum huga og örmum (Jóhanna Karlsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2010). Kennarar þurfa að muna að hagur nemandans er alltaf í forgangi og að notast skal við fjölbreyttar kennsluaðferðir til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda sinna (Sólveig Karvelsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2010). Kennarinn þarf að skapa menningu meðal nemendahópsins þar sem allir eru velkomnir, fá aðstoð sem þeir þurfa og njóta aðstæðna sem eru góðar til náms (Sólveig Karvelsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2010). Rannsóknir sýna að kennarar sem hafa náð árangri í kennslu fjölbreytta nemendahópa voru tillitsamir en huguðu einnig frekar að námsefninu og innihaldi þess (Jóhanna Karlsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2010). Til að ná árangri er mikilvægt að hafa jákvæðni að fyrirrúmi en jafnframt er gott samstarf kennara og starfsfólk skólans lykilatriði í velgengni. Til að kennarar nái að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra þurfa þeir stuðning frá starfsfólki skólans (Jóhanna Karlsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2010).

Kennarar spila stór hlutverk í sköpun þess námsumhverfis sem ríkir innan kennslustofunnar, en samkvæmt Aðalnámskrá (2013) gegna kennarar lykilhlutverki í öllu starfi skólans. Hlutverk kennara er ekki einungis að miðla námsefni til nemenda sinna, heldur eru þeir jafnframt uppaldur, stjórnendur og ráðgjafar. Þeir bera auk þess þá ábyrgð að búa til öruggt umhverfi sem stuðlar að námi nemenda, en kennslustofur eiga að vera öruggur staður fyrir nemendur (Banks, 2015). Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um að þeir eru fyrirmynd nemenda sinna, því hvernig þeir bera sig og haga sér getur haft áhrif á hegðun og viðhorf nemenda þeirra (Bruner, 1977; Kristín Aðalsteinsdóttir, 2022). Samkvæmt 3. gr. laga um grunnskóla nr. 1040/2011 er starfsfólk skóla skyldugt að hafa velferð nemenda sinna í fyrirrúmi og að passa upp á að nemendur finni fyrir öryggi, vellíðan og fái frið til að stunda nám sitt svo að skólaganga þeirra sé ánægjuleg. Starfsfólk á að stuðla að jákvæðum samskiptum og trausti allra í skólanum og taka mið af þroska og aldri nemenda.

Markmið kennara er að miðla efni til nemenda sinna á þann hátt sem hentar öllum. Þeir þurfa að koma til móts við þarfir nemenda sinna og taka tillit til námsgetu þeirra, þroska og áhuga. Samkvæmt Banks (2015) geta kennarar tryggt að nemendur í fjölmennigarlegum nemendahópi fái jöfn tækifæri og jafnaldrar þeirra til að ná árangri ef komið er til móts við þekkingu þeirra og reynslu. Mikilvægt er fyrir kennara að gera ráð fyrir mismunandi getu nemenda í tungumálinu og menningarmun þeirra í stað þess að lækka væntingar sínar til árangurs þeirra í námi (Banks, 2015). Samkvæmt Banks (2015) er mikilvægt að kennarar noti fyrri þekkingu og reynslu nemenda sér til aðstoðar til að byggja upp nýja þekkingu og reynslu.

Kennari sem býr yfir þeim eiginleikum að mynda námsumhverfi þar sem nemendur upplifa vellíðan og öryggi er menningarlegar hæfur kennari (Ingibjörg Kristín Ferdinandsdóttir, 2009). Samkvæmt Ingibjörgu Kristínu Ferdinandsdóttur (2019) kynnir hann sér málefni sem tengjast menningu annarra þjóðerna og fræðir sig um menningarheima sem nemendur hans tilheyra og hefur opnar samræður með nemendum sínum um ýmis málefni sem einstaklingar frá öðrum þjóðernum berjast við.

Samantekt

Öruggt námsumhverfi þar sem nemendur finna til öryggis er mikilvægt og kennarinn spila stórt hlutverk í sköpun þess umhverfis. Kennari setur sviðið fyrir það andrúmsloft sem ríkir í kennslustofu hans og hegðun hans í samskiptum og framkomu er mikilvæg. Þeir eiga að vera jákvæðir, tillitsamir, hvetjandi og taka öllum með opnum örmum. Hegðun kennara hefur áhrif á hegðun nemenda og ef kennari sýnir gott fordæmi um hegðun og framkomu við aðra einstaklinga þá eru nemendur líklegri að spegla slíka hegðun. Samkvæmt Rósu Guðbjartsdóttur og Hönnu Ragnarsdóttur (2010) er fagkennari einstaklingur sem getur horft gagnrýnum augum á frammistöðu sína og lært af eigin reynslu. Einnig býr hann yfir fræðilegri þekkingu á námsefni og kennsluaðferðum og hefur getu og áhugasvið nemenda sinna í hug þegar valið er námsefni og kennsluaðferðir.

Kennarar í nútíma samfélagi hafa það krefjandi hlutverk að skapa námsumhverfi og námsefni sem höfðar til allra nemenda þeirra. Það er þeirra ábyrgð að nota kennsluaðferðir sem eru fjölbreyttar og að vera vel undirbúnir fyrir kennslustundir. Kennarar sem eru vel undirbúnir fyrir kennslu eru færari að aðlaga námsefnið að nemendum sínum og finna nýjar aðferðir til að koma til móts við stöðu og getu nemenda sinna.

Í gegnum grunnskólagönguna eiga nemendur að þróa með sér þá eiginleika sem þarf að búa yfir til að verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Samkvæmt Aðalnámskrá (2013) er meginhlutverk grunnskóla að stuðla að alhliða þroska nemenda. Fjölmennningarleg kennsla og fagkennarar er grunnur að góðu námsumhverfi fyrir fjölmennningarlegan nemendahóp.

8 Kennsluaðferðin CLIM

Kennsluaðferðin Cooperative Learning in Multicultural Groups eða CLIM er samvinnunámsaðferð sem gjarnan er notuð í kennslu fjölmenningarlegra menningahópa.

Fjöldi rannsókna hafa verið gerðar um áhrif samvinnunáms á námsárangur nemenda og samhliða þeim er oft kynþáttaviðhorf nemenda af ólíkum kynþáttum og þjóðernishópum tekin til greiningar (Banks, 2015). Samkvæmt Banks (2015) benda niðurstöður þeirra rannsókna til þess að nemendur sem hafa notið samvinnunáms í kennslu þrói með sér jákvæðari kynþáttaviðhorf og eru líklegri til að velja sér vini úr öðrum kynþáttahópum. Samvinnunám hjálpar nemendum að mynda jákvæð tengsl og góð samskipti við jafnaldra sína sem getur leitt til betri skilnings og tillitsemi þeirra á milli (Kristín Aðalsteinsdóttir og fl., 2007). Markmið CLIM kennsluaðferðarinnar er að virkja nemendur og tryggja að þeir fá allir aðgang að lærdómsferlinu. Nemendum er gert grein fyrir að samvinna og góð samskipti gerir þeim kleift að afreka mun meira en ef þeir hefðu unnið verkefnið sem einstaklingar. Áherslur CLIM kennsluaðferðarinnar eru fjölbreyttir nemendahópar, staða nemenda, hæfileikar og greindarsvið, námsvirkni, hlutverkaskipan og ábyrgð og að lokum að kennarinn sé með yfirsýn yfir hópunum og stýri nemendum í lærdómsferlinu.

Nemendur hafa allir sína styrkleika og veikleika í námi og CLIM aðferðin gefur öllum nemendum tækifæri til að taka þátt í úrvinnslu verkefnisins. Samvinnuaðferðin skapar aðstæður fyrir nemendur til að nota styrkleika sína og hæfileika í úrvinnslu verkefna ásamt samvinnuhópi sínum og verða nemendur þannig vikir þátttakendur í kennslustundinni. Samkvæmt Námsgangastofnun (2011) eru kennsluaðferðir sem virkja nemendur til náms þær sem skila mesta árangri.

8.1 Aðferðin

CLIM kennsluaðferðin var upphaflega sköpuð í þeim tilgangi að virkja nemendur sem voru ekki virkir þátttakendur í hefðbundinni hópavinnu (Ingibjörg Kristín Ferdinandsdóttir, 2009). Aðferðin býður upp á fjölbreytta möguleika til umfjöllunar á námsefni, þar sem nemendur fá tækifæri til að vinna á fjölbreyttan máta með sama námsefnið, skoða það frá ólíkum sjónarhornum og skila af sér mismunandi afurðum.

Samkvæmt Námsgagnastofnun (2011) eru megináherslur CLIM kennsluaðferðarinnar sex talsins. Þær eru:

- Markviss samvinna meðal nemenda í fjölbreyttum hópi.
- Staða nemenda og áhrif hennar á velgengni og vellíða þeirra.
- Fjölbreyttir hæfileikar nemenda og greindarsvið þeirra.
- Þátttaka nemenda í námi.
- Leiðbeinanda hlutverk kennara.
- Sjálfstæði og ábyrgð nemenda. Öllum nemendum er úthlúað hlutverki innan hópsins og það er á þeirra ábyrgð að sinna því hlutverki.

Færni nemenda í lestri, ritun, þrautalausn, samvinnu og upplýsingaöflun þjálfast við notkun CLIM aðferðarinnar. Aðferðin þjálfar jafnframt samskiptafærni nemenda og þá hæfileika að vinna úr fyrri þekkingu og reynslu og nýta hana sér til aðstoðar við nýjar aðstæður, sem eru allt mikilvægir eiginleikar sem nemendur þurfa að þróa með sér til að ná fram þeim hæfniviðmiðlum sem settu eru í grunnskólum landsins (Námshagstofnun, 2011; Aðalnámskrá grunnskóla 2013).

Kennarinn þarf að gæta þess að fara vel yfir ákveðnar reglur, viðmið og færni nemenda áður en þeir takast á við CLIM samvinnuverkefni. Samkvæmt Námshagstofnun (2011) eru þessi atriði:

- Allir eiga að aðstoða og hjálpast að.
- Allir hafa sína styrkleika og veikleika, enginn er góður í öllu.
- Leita má aðstoðar hjá öllum í hópnum.
- Ávallt skal aðstoða þá sem um það biðja.
- Einstaklingur er ekki jafn sterkur og hópur sem heild.
- Enginn er búinn fyrr en allir hinir í hópnum eru búnir.
- Taka skal tillit til allra í hópnum og þörfum þeirra.
- Samskipti og samræður um ákvarðanir sem teknar eru.
- Rökstyðja þarf ákvarðanir.

8.2 Hlutverk kennara

Hlutverk kennara hefst í raun áður en kennslustundin á sér stað (Cohen, 2015). Mikill undirbúningur og gott skipulag þarf að vera svo að samvinnuaðferðin nýtist nemendum sem best. Kennari þarf að gefa nemendum skýr fyrirmæli um hvernig kennslustundin á að fara fram og hvað hann ætlast til af nemendum sínum (Námshagstofnun 2011), þá vita allir hvað á að

gera og engin vafi til staðar. Áður en vinnan hefst skiptir kennarinn nemendahópnum upp í minni hópa. Fjórir til fimm nemendur eru í hverjum hópi og hópurinn sem heild á að endurspegla þann fjölbreytileika sem ríkir innan nemendahópsins. Smærri hópar gefa öllum nemendum tækifæri til að taka virkan þátt í lærdómsferlinu (Cohen, 2015).

Hlutverk kennara er að fylgjast með samvinnu nemenda og lærdómsferli þeirra, að hafa yfirsýn og ráðleggja nemendum í gegnum ferlið. Meðan lærdómsferlið á sér stað koma oft í ljós duldir hæfileikar nemenda, fagkennarar eiga að vera færir um að sjá þá hæfileika og aðstoða nemendur við að þróa þá frekar (Cohen, 2015). Mikilvægt er því að hvetja nemendur áfram og hrósa þeim þegar vel gengur. Það er jafnframt á ábyrgð kennara að spyrja nemendur spurninga um námsefnið sem fær þá til að íhuga námsefnið á dýpri hátt, að skapa jákvæðar og innihaldsríkar umræður og halda þeim gangandi (16. gr. laga nr. 91/2009).

Kennarinn á að virkja sjálfstæði nemenda og gefa þeim tækifæri til að deila hlutverkum sínum á milli á þann hátt sem þeim finnst best. Passa þarf þó að allir nemendur hafi hlutverk innan síns hóps og séu virkir í þátttakendum í því verkefni sem liggur nemendum fyrir höndum (Ingibjörg Kristín Ferndinandsdóttir, 2009). Gæta þarf þess að nemendur hafi tækifæri til að vinna saman og skiptast á hugmyndum í stað þess að hver og einn sé að vinna í sínum hluta (Cohen, 2015).

Samkvæmt Cohen (2015) spilar kennarinn stórt hlutverk í samvinnunámi en nemendur eiga þó að vinna samvinnuverkefni sín án þess að vera undir stöðugu efrilit og handleiðslu kennarans. Þegar nemendum í samvinnuhóp gefst tækifæri til að prófa sig áfram, að gera mistök og læra af þeim hefur kennarinn sinnt sínu hlutverki sem leiðbeinandi (Cohen, 2015).

8.3 Hlutverk nemenda

Nemendur fá þá ábyrgð að úthluta hlutverkunum sínum á milli á þann hátt sem þeim þykir best. CLIM samvinnuaðferðin hefur fimm hlutverk sem úthlutað eru til nemenda. Þau eru:

- **Stjórnandi/skipuleggjandi:** Hlutverk hans er að allir í sínum hóp hafi skilning á fyrirmælum kennarans. Stjórnandi á að sjá til þess að allir séu virkir í hópnum og að þeim sem vanti aðstoð fái hana.
- **Tímavörður:** Hann áætlað tímann sem þarf í hvert verkefni sem hópurinn er að vinna.
- **Gagnasafnari:** Hann safnar saman því efni sem hópurinn þarf til að vinna verkefnið. Hann er sá eini sem má fara frá vinnustöð hópsins.

- **Sáttasemjari:** Sér til þess að meðlimum hópsins semji vel og passar að enginn sé skilinn út undan. Hann hefur einnig það hlutverk að hvetja meðlimi hópsins áfram og hrósa því sem vel gengur.
- **Kynnir:** Ákveður hvernig kynning hópsins á að vera í samráði við hina í hópnum. Hann gerir svo samantekt úr þeirri vinnu sem hópurinn hefur gert og kynnir fyrir bekknum.

Verkefni eru unnin í umferðum. Þegar ein umferð klárast hefst ný þar sem gefin eru ný verkefni og nemendur fá ný hlutverk. Hver einasti nemandi fær að prófa hvert hlutverk.

Samantekt

Ef komið er til móts við þekkingu og reynslu nemenda geta kennarar tryggt að nemendur í fjölmennningarlegum hópi fái jöfn tækifæri til námsárangurs og jafnaldrar sínir (Banks, 2015). Kennsla þarf að vera fjölbreytt í fjölmennningarlegum nemendahóp og sveiganleg (Rósa Guðbjartsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Kennari þarf að vera undirbúinn því a ef ákveðið verkefni eða kennsluaðferðir eru ekki að skila árangri þá þarf að endurhugsa skipulag kennslustundarinnar til að koma til móts við stöðu, námsgetu og þekkingu nemenda (Ingibjörg Kristín Ferdinandsdóttir, 2009). Nemendahópar í grunnskóla er fjölbreyttur og fjölmennningarlegur og þar af leiðandi eru nemendur með mismunandi þarfir (Aðalnámskrá, 2013).

CLIM kennsluaðferðin er tilvalin í kennslu fjölmennningarlega nemendahópa. Aðferðin eykur ekki aðeins velgengni nemenda í námi heldur þjálfar hún félagsfærni þeirra. Nemendur fá jöfn tækifæri til að nota styrkleika sína í sínum hópi og kennarar uppgötva oft dulda hæfileika nemenda á meðan lærdómsferlið á sér stað. Þátttaka allra nemenda er nauðsynleg til að samvinnuverkefnið skili árangri og nemendur verða að taka ábyrgð á sjálfum sér og sinna hlutverki sínu innan hópsins. Nemendur þurfa að kunna skil á ákveðnum reglum og viðmiðum áður en CLIM samvinnuverkefni hefst svo allir séu tilbúnir að takast á við sitt hlutverk innan hópsins (Námshagnastofnun, 2011), þeim er kennt að hópurinn sem heild er færari að vinna verkefnið frekar en hver og einn fyrir sig. CLIM kennsluaðferðin er fjölbreytt og sveiganleg aðferð sem skila öllum nemendum í fjölmenningalegum nemendahópi alhliða árangri (Cohen, 2015).

9 Kennslustofan

Kennslustofan er rými þar sem formleg og óformleg kennsla á sér stað og er hún mótuð af því námsumhverfi sem ríkir á þeim stað. Kennslustofan á að endurspeglar þann hóp nemenda sem henni tilheyrir og má þar af leiðandi ekki vera hlutlaus, að mati Hafdísar Guðjónsdóttur og fl. (2016). Kennslustofan á að stuðla að vellíðan nemenda, bæði andlega sem og líkamlega samkvæmt Banks (2015). Vel upplýst kennslustofa sem er hrein og hefur góð loftgæði er mikilvæg fyrir almennan vellíðan kennara og nemenda (Banks 2015).

Öll börn á grunnskólastigi eiga rétt á að stunda nám í sínum hverfisskóla án aðgreiningar (Aðalnámskrá grunnskóla 2013). Mæta þarf þörfum nemenda og þeir eiga allir að fá sömu tækifæri til náms með kennslu við sitt hæfi (Aðalnámskrá, 2013). Leitast skal við að skapa notalegt umhverfi og aðstæður til náms þar sem allir nemendur finna til öryggis. Rými á að vera til staðar í kennslustofunni fyrir nemendur til að þroskast bæði faglega og félagslega og samhliða kennara og jafnöldrum eiga að þjálfast í lýðræðislegum vinnuaðferðir (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Í fjölmennningarlegum nemendahóp er mikilvægt að byggja nám nemenda á þeim auðlindum sem nemendur búa yfir (Hafdís Guðjónsdóttir og fl., 2016). Samkvæmt Hafdís Guðjónsdóttur og fl., (2016) eru auðlindir einstaklinga mótaðar af hefðum og venjum þeirra menningarheima sem þeir tilheyra, sem gerir þeim kleift að takast á við þær aðstæður sem koma upp í umhverfi þeirra. Auðlindir nemenda eru styrkleiki og er brýnt að kennari undirbúi námsefni og aðstæður þar sem auðlindir nemenda eru þáttur í námi þeirra (Hafdís Guðjónsdóttir og fl., 2016). Kennarar þurfa að vanda val sitt á þeim bókmenntum og lesefni sem nemendur hafa greiðan aðgang að í frjálstri stund. Nemendur eiga að hafa aðgang að lesefni á sínu móðurmáli og lesefni þar sem aðalpersónan líkist þeim á einhvern hátt, hvort sem það er húðlitur, hárlitur, kyn, trú, stétt eða þjóðerni.

Kennslustofur í grunnskólum eru almennt skreyttar plöggum og skapandi verkefnum nemenda. Stafróf, tölur, tugir, form, heiti daga og mánuða eru dæmi um skreytingar sem finnast á veggjum kennslustofunnar hjá nemendum á yngsta stigi í grunnskóla. Tilgangur þess er upprifjun og sýnileg og áþreifanleg áminning um afrek nemenda. Á veggjum er oft að finna verkefni um sögu Íslands og íslenska fánann. Þegar nemendahópur er fjölmennningarlegur tilheyra honum nemendur sem eru tilheyra ólíkum þjóðernum og menningarheimum. Mikilvægt er að þeir nemendur sjái sjálfan sig í sínu námsumhverfi svo þeir upplifi sig sem

hluta af samfélaginu sem þeir búa í. Ef þjóðarfáni Íslendinga fær að hanga á vegg kennslustofunnar eiga þjóðarfánar erlendra nemenda að fá að hanga við hlið hans. Eins og fjallað var um hér áður er mikilvægt að nemendur upplifi stolt af sínu þjóðerni og fagni eigin menningu (Banks, 2015).

Samantekt

Innan veggja kennslustofunnar er mikilvægt að skapa rými sem endurspeglar þann nemendahóp sem henni tilheyrir. Huga þarf að vellíðan nemenda þegar námsrými er skapað og tryggja þarf að þeim líði vel andlega og líkamlega (Banks, 2015). Nemendur eiga að finna til öryggis í sínu rými til að rækta sína hæfileika og stunda nám við sitt hæfi (Aðalnámskrá, 2013).

Í fjölmennningarlegum nemendahóp er mikilvægt að skapa námsefni og notast við kennsluaðferðir sem koma til móts við hvern og einn, og eru byggðar á auðlindum nemenda (Hafdís Guðjónsdóttir og fl., 2016). Samkvæmt Hafdísi Guðjónsdóttur og fl. (2016), eru auðlindir nemenda styrkleiki og mikilvægt er að námsefni og aðstæður þar sem þær eru hluti af þeirra námi.

Vanda skal val á þeim bókmenntum og lesefni sem er nemendum aðgengilegt. Þegar bækur eru valdar í bókasafn kennslustofunnar skal passa að hafa bækur á móðurmáli þeirra nemenda sem koma inn í kennslustofuna og að sögupersónur bóka séu jafn fjölbreyttar og nemendahópurinn sjálfur. Hvort sem það er útlit, líkamsgeta, þjóðerni, trú, stétt, kynhneið o.s.frv.

10 Lokaorð

Hér hef ég fjallað um fjölmennningarlega nemendahópa, kennsluaðferðir og námsumhverfi með sérstaka áherslu á tvítyngda nemendur. Fjölmennningarlegt námsumhverfi sem veitir öryggi, stolt og viðurkenningu nemenda gagnast ekki aðeins tvítyngdum nemendum heldur öllum nemendum, þar sem það stuðlar að alhliða þroska nemenda sem mætir markmiðum Aðalnámskrá grunnskóla (2013).

Eins og fram hefur komið hafa móttökudeildir fyrir erlenda nemendur sína kosti og galla. Að mínu mati er nauðsynlegt að notast við vel ígrundað ferli til að taka á móti nemendum og finna sem flestar leiðir til að aðstoða þá við að fóta sig í íslensku samfélagi og ná árangri í námi, en að sama skapi skal forðast að einangra þá frá jafningjahóp sínum. Ef erlendir nemendur dvelja lengi í móttökudeild í stað þess að vera með sínum bekk getur það leitt til óþarfa hópamyndunar og aðgreinings. Auk þess missa bekkjarfélagarnir af tækifæri til að njóta fjölbreytileikans ef þeir eyða litlum tíma með nemendum sem koma frá öðrum menningarheimi en þeir. Hægt er að veita þeim nemendum sem þess þurfa auka aðstoð og nám með sérkennslu sem er orðin skylda í öllum grunnskólum og sveitarfélögum hér á landi, en gæta þess samt að þeir fái að vera mikið með bekk sínum.

Kennarinn spilar lykilhlutverk í velgengi nemenda sinna til náms. Það er hans ábyrgð að skapa og skipuleggja námsefni sem er einstaklingsmiðað og velja kennsluaðferðir með áhugasvið og getu nemenda sinna í huga. Slík vinnubrögð gera kennurum kleift að koma til móts við alla nemendur sína. Kennarar þurfa að tryggja að allir nemendur fái jöfn tækifæri til að ná árangri í námi. Kennsluaðferðir sem virkja nemendur eru árangursríkar og er CLIM kennsluaðferðin frábært dæmi um slíka aðferð. CLIM aðferðin leggur áherslu á samvinnu fámennra hópa og allir innan þess hóps hafa sitt hlutverk. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á sínu hlutverki og verkaskipun innan hópsins en kennari hefur yfirsýn til að tryggja að allir séu virkir þátttakendur. Aðferðin kennir nemendum samvinnu, tillitssemi, sjálfsábyrgð og allir hafa sína veikleika og styrkleika.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið um fjölmennningarlega nemendahópa hafa leitt í ljós að jákvæðni og gott samstarf kennara og starfsfólks er lykilatriði í velgengi nemenda (Jóhanna Karlsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2010). Einnig kom í ljós að í skólastarfi þar sem velgengi nemenda er greinileg var hægt að greina sameiginlega áhrifaþætti, en þeir voru traust,

markviss stefna í málefnum barna af erlendum uppruna, þekking meðal starfsfólks skólans um fjölmennningarleg málefni, sveigjanleiki og viðsýn í starfi skólanna (Hanna Ragnarsdóttir, 2004).

Niðurstöður mínar eru að þegar nemendur fá að njóta sín í námsumhverfi þar sem traust ríkir milli nemenda og strafsfolks, sveigjanleiki er til staðar, fagnað er fjölbreytileikanum og er hvetjandi þá eru líkur á námsárangri og velgengni meiri.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla 2006: Almennur hluti /2006.

Aðalnámskrá grunnskóla 2013: Almennur hluti /2011.

Anna Kristín Sigurðardóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir. (2018). Nemendamiðað námsumhverfi: Hugmyndir framhaldsskólanema um kjöraðstæður til náms. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.

https://netla.hi.is/serrit/2018/framhaldskolinn_brennidepli/02.pdf

Anna Kristín Sigurðardóttir, Ásgeir Beinteinsson, Hrefna Birna Björnsdóttir, Ruth Magnúsdóttir, Þorgerður Guðmundsdóttir, Friðbjörg Ingimarsdóttir, Ingibjörg Hafstað og Jóhanna Haraldsdóttir. (2000, október). *Stefna í málefnum barna með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum Reykjavíkur: Tillögur starfshóps*.

https://reykjavik.is/sites/default/files/Stefna_Born_Annad_modurmal.pdf

Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2010). Tengsl námsárangurs við viðhorf nemenda og foreldra til skólagögnu og við félgaslegan bakgrunn. *Journal of Educational Research*, 7(1), 60-76.

Artem Ingimar Benediktsson og Hanna Ragnarsdóttir. (2019). Communication and Group Work in the Multicultural Classroom: Immigrant Students' Experiences. *European Journal of Educational Research*, 8(2), 453-465. <https://www.eu-jer.com/>

Aukrust, V. G. og Rydland, V. (2011). Preschool classroom conversations as long-term resources for second language and literacy acquisition. *Journal of Applied Developmental Psychology*, 32(4), 198–207. DOI:

<https://doi.org/10.1016/j.appdev.2011.01.002>

Banks, J. A. (2016). *Cultural Diversity and Education: Foundations, Curriculum, And Teaching*. Routledge.

Björn Rúnar Egilsson. (2016, 7. Febrúar). *Hvernig stuðlum við að velgengni barna?*. Kjarninn. <https://kjarninn.is/folk/2016-02-07-hvernig-studlum-vid-ad-velgengni-barna/>

Cohen, E. G. og Lotan R. A. (2014). *Designing Groupwork: Strategies for the heterogeneous classroom, Third Edition*. Teachers Collage Press.

Columbo, S. A. (1986). 'General well-being in adolescents: its nature and measurement'. *Saint Louis University*.

- Daníel Steingrímsson. (2019). *Skýrsla um þátttöku og gagnaöflun á vettvangi : rannsóknin "Mat á námi og vellíðan barna"* [meistararitgerð]. Skemman.
<http://hdl.handle.net/1946/37795>
- Guðlaug Ólafsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Börkur Hansen. (2012). Hvað má læra af farsælli reynslu þriggja grunnskóla af fjölmennningarlegu starfi?. *Uppeldi og menntun*, 21(1), 29-51. <https://timarit.is/gegnir/001238150>
- Hafdís Guðjónadóttir, Edda Óskarsdóttir, Anna Katarzyna Wozniczka og Karen Rut Gísladóttir. (2016). Námsrými byggð á auðlindum nemenda. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.
https://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlaetis_og_menntunar_an_ad_greiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/003.pdf
- Hagstofa Íslands. (2021). *Innflytjendur 15,5% íbúa landsins* [gagnasafn].
<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-eftir-bakgrunni-1-januar-2021/>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2004). *Íslenskir skólar og erlend börn? Skólaþróun í fjölmennningarlegu samfélagi*, 1, 145-153. <http://hdl.handle.net/1946/14339>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2004). Vilji og væntingar: Rannsókn á áhrifaþáttum í skólagöngu erlendra barna á Íslandi. *Uppeldi og menntun*, 13(1), 91-110.
<https://timarit.is/publication/581>
- Hanna Ragnarsdóttir og Kulbrandstad, L.A. (2018). *Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Four Nordic Countries*. Cambridge Scholars Publishing.
<https://www.cambridgescholars.com/resources/pdfs/978-1-5275-1400-3-sample.pdf>
- Harpa Sif Þorsteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir. (2021). Að læra íslensku sem annað mál: Markviss orðaforðakennsla í útinámi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.
DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2021.2>
- Ingibjörn Kristín Ferdinandsdóttir. (2009). *Fjölmennningarlegar kennsluáðferðir og námsumhverfi á 21. öld – Handbók fyrir grunn- og framhaldsskólakennara* [meistararitgerð]. Skemman.
https://skemman.is/bitstream/1946/4003/2/handbok_5juni_pdf_fixed.pdf
- Jones, W. H. (2003). Over the Wall: Experiences with Multicultural Literacy. *Journal of Marketing Education*, 25(3), 231-240. <https://doi.org/10.1177/0273475303257552>

- Jóhanna Karlsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir. (2009). „Hvernig látum við þúsund blóm blómstra“ Skipulag og framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar. *Uppeldi og menntun*, 18(1), 61-76. <http://hdl.handle.net/1946/7806>
- Kristín Aðalsteinsdóttir. (2002). Samskipti, kennsluhættir og viðmót kennara í fámennum skólum. *Uppeldi og menntun*, 11(1), 101-120.
- Kristín Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir. (2007). Fjölmenningarleg kennsla í Manitoba í Kanada, í Noregi og á Íslandi. *Tímarit um menntarannsóknir*, 4, 137-156.
- Lög um grunnskóla nr. 35/2009.
- Lög um námsgögn nr. 59/1907.
- Lög um grunnskóla nr. 63/1974.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2009.
- Lög um grunnskóla nr. 153/2020.
- May, S. og Sleeter, C. E. (2010). *Critical Multiculturalism*. Taylor & Francis e-Library.
- Menntamálastofnun. (2018). *PISA 2018 - Helstu niðurstöður á Íslandi*.
https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2018_helstu_island.pdf
- Námsgagnastofnun. (2011). *Vinir í nýju landi: Kennsluleiðbeiningar*.
https://vefir.mms.is/klb/vinir_nyjulandi.pdf
- Pollard, E. L. og Lee, P. D. (2002). Child Well-being: A Systematic Review of the Literature. *Social Indicators Research*, 61, 59-78.
<https://link.springer.com/content/pdf/10.1023/A:1021284215801.pdf>
- Reykjavíkurborg. (2018). *Velkomin: Skýrsla starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarfs*. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/147_8.3_skyrsla_velkomin.pdf
- Ross, D. A., Hinton, R., Melles-Brewer, M., Engel, D., Zeck, W., Fagan, L., Herat, J., Phaladi, G., Imbago-Jácome, D., Anyona, P., Sanchez, A., Damji, N., Terki, F., Baltag, V., Patton, G., Silverman, A., Fogstad, H., Banerjee, A. og Mohan, A. (2020). Adolescent Well-Being: A Definition and Conceptual Framework. *Journal of Adolescent Health*, 67(4), 472-476. <https://doi.org/10.1016/j.jadohealth.2020.06.042>

- Rósa Guðbjartsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Kennarar og kennarastarf í fjölmennningarlegu samfélagi: Raddir kennara innflytjendabarna. *Tímarit um mennta-
rannsóknir*, 7, 77–92
- Sigríður Ólafsdóttir og Freyja Birgisdóttir. (2021, júní.) *Tvítyngi og læsi*. Lesvefurinn.
<https://lesvefurinn.hi.is>
- Sigrún Harðardóttir og Guðrún Kristinsdóttir. (2016). Námserfiðleikar og velgengni í námi: Um mikilvægi stuðnings. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.
<https://hdl.handle.net/20.500.11815/179>
- Sólveig Karvelsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir. (2010). Raddir kennara sem kenna fjölbreyttum nemendahópum. *Ráðstefnurit Netlu-Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Vivaas, A. (2015). *Sjónarhorn austur-evrópskra mæðra á velgengni barna sinna í íslenskum grunnskólum* [meistararitgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/23085>
- Védís Sigurjónsdóttir. (2019). *Vellíðan á vinnustað: Hvað eru íslenskar skipulagsheildir að gera til að stuðla að vellíðan starfsmanna?* [meistararitgerð]. Skemman.
https://skemman.is/bitstream/1946/32102/4/VellidanAVinnustad_VedisSigurjonsdotir_MS.pdf
- Yilmaz, F. (2016). Multiculturalism and multicultural education: A case study of teacher candidates' perceptions. *Cogent Education*, 3(1), 1-13.